



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 44/2018

## Fullyrðingar Tölvutek varðandi umboð fyrir mörg stærstu tölvumerki heims

### I.

#### Málsmeðferð

Í kjölfar ábendingar sem Neytendastofu barst vegna fullyrðingar Tölvuteks um að það væri umboðsaðili fyrir mörg stærstu tölvumerki heims í auglýsingabæklingi félagsins, sendi stofnunin Tölvutek bréf, dags. 8. maí 2018. Í bréfinu var vísað til erindis Tölvuteks, dags. 16. febrúar 2017, þar sem félagið kvartaði yfir sambærilegum fullyrðingum keppinautar en þar var m.a. fjallað um að Tölvulistinn væri umboðsaðili ákveðinna vörumerkja en viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili annarra. Í bréfinu var vísað til ákvörðunar Neytendastofu vegna erindisins, dags. 7. september 2017, þar sem m.a. segir:

*„Fyrir liggur að Tölvulistinn hefur annars vegar á vefsíðu og á samfélagsmiðlum haldið því fram með almennum hætti að félagið sé umboðsaðili nokkurra tilgreindra vörumerkja og hins vegar fullyrt í blaðaauglýsingum að Tölvulistinn hafi verið umboðsaðili Acer á Íslandi í 12 ár. Í gögnum málsins hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að samningar Tölvulistans við framleiðenda umræddra vara leiða til nokkurra yfirburða Tölvulistans yfir aðra seljendur sömu vara hér á landi.*

*Neytendastofa telur fullyrðingar Tölvulistans til þess fallnar að vekja þau hughrif hjá neytendum að félagið njóti sérstöðu yfir aðra seljendur sem selja vörur frá sömu vörumerkjum hér á landi, sér í lagi hvað varðar fullyrðingar félagsins í auglýsingum um Acer, og því eru fullyrðingarnar til þess fallnar að valda því að neytendur geti átt viðskipti við Tölvulistann sem þeir hefðu ekki gert að öðrum kosti. Þegar einkasölusamningar tíðkuðust milli seljanda og framleiðanda var það alla jafna nefnt að viðkomandi seljandi væri umboðsaðili hér á landi. Því telur Neytendastofa að orðaval Tölvulistans leiði til þess að neytendur ætli að með því að eiga viðskipti við Tölvulistann sé tryggt að hagsmunum þeirra sé betur gætt en eigi þeir viðskipti við aðra seljendur. Ekki hefur verið sýnt fram á slíkt. Er því um að ræða brot gegn f. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.*

*Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Tölvulistanum bönnuð frekari birting fullyrðinga um að félagið sé umboðsaðili tiltekinna vörumerkja án þess að færðar séu fyrir því fullnægjandi sönnur.“*



Í bréfinu var það áréttað að Tölvutek hafi mátt vera það ljóst að fá fullyrðingar um að auglýsandi sé umboðsaðili ekki staðist geta þær verið til þess fallnar að brjóta gegn f. lið 1. mgr. 9.gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Neytendastofa óskaði eftir skýringum eða athugasemdum Tölvuteks innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins.

Svar Tölvuteks barst með tölvupósti dags. 24. maí 2018. Í tölvupóstinum segir að sá texti sem fram komi í auglýsingabæklingi félagsins, „*Tölvutek er umboðsaðili fyrir mörg stærstu tölvumerki heims*“, sé almenns eðlis og ekki hafi verið vísað til neinna sérstakra merkja enda hafi enginn rengt það að félagið sé umboðsaðili einhverra vörumerkja, en félagið sé einn stærsti innflytjandi tölvubúnaðar á Íslandi.

Þá var í tölvupóstinum vísað í ákvörðun Neytendastofu, dags. 7. september 2017, og á það bent að í því máli hafi Tölvulistinn farið með rangt mál og fullyrt að hann væri umboðsaðili Acer og fleiri vörumerkja sem hann hafi ekki verið og því farið með rangar fullyrðingar. Þegar horft sé til framsetningar félaganna tveggja séu fullyrðingarnar engan veginn sambærilegar.

Loks kom fram í tölvupóstinum að Tölvutek sé ekki umboðsaðili allra stærstu tölvumerkja heims heldur sé félagið umboðsaðili fyrir mörg stærstu tölvumerki heims og að í erindinu hafi sérstaklega verið spurt um þau merki sem fram komu á sömu blaðsíðu og umræddur texti. Tölvutek sé svo sannarlega viðurkenndur umboðsaðili fyrir Thonet & Vander, BenQ, Koss, Seagate, LaCie, Trust, Brother, Mighty og Arctic, sem flest séu með þeim stærstu í sínum flokki í tölvuheiminum.

## **II. Niðurstaða**

### **1.**

Mál þetta var tekið upp í kjölfar ábendingar sem Neytendastofu barst vegna fullyrðingar Tölvuteks í auglýsingabæklingi félagsins, þar sem fram kom að Tölvutek væri umboðsaðili fyrir mörg stærstu tölvumerki heims.

Í svari Tölvuteks kom fram að umræddur texti í auglýsingabæklingi félagsins hafi verið almenns eðlis og ekki hafi verið vísað til neinna sérstakra merkja enda hafi enginn rengt það að félagið sé umboðsaðili einhverra vörumerkja. Með vísan til ákvörðunar Neytendastofu, dags. 7. september 2017, taldi Tölvutek að Tölvulistinn hafi farið með rangt mál þegar félagið fullyrti að það væri umboðsaðili Acer og fleiri vörumerkja og því um rangar fullyrðingar að ræða. Þegar horft sé til framsetningu félaganna tveggja séu fullyrðingarnar engan veginn sambærilegar. Tölvutek sé ekki umboðsaðili allra stærstu tölvumerkja heims heldur sé félagið umboðsaðili fyrir mörg stærstu tölvumerki heims og að í erindinu hafi sérstaklega verið spurt um þau merki sem fram komu á sömu blaðsíðu og umræddur texti.



## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Í a.-g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Samkvæmt f. lið er átt við rangar upplýsingar um:

*„réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi“*

Í lögskýringargögnum um ákvæðið kemur fram að viðskiptahættir skuli teljast villandi ef þeir fela í sér rangar upplýsingar og eru því ótrúverðugir eða ef þeir blekkja, eða eru líklegir til að blekkja hinn venjulega neytanda, t.d. með almennri framsetningu, jafnvel þótt gefnar séu upp réttar staðreyndir og valda því eða eru líklegar til að valda því að hann taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki annars gert.

## 3.

Fyrir liggur að Tölvutek hafi í auglýsingabæklingi sínum haldið því fram að félagið sé umboðsaðili margra stærstu tölvumerkja heims. Undir fullyrðingunni voru svo kynntar margar vörur frá ólíkum framleiðendum. Í svari félagsins kom fram að fullyrðingin hafi verið almenns eðlis og því hafi ekki verið að vísað í nein sérstök merki. Neytendastofa telur að almenn tilvísun í auglýsingabæklingi um að félagið sé umboðsaðili margra stærstu vörumerkja heims, sé til þess fallið að vekja þau hughrif hjá neytendum að félagið njóti sérstöðu yfir aðra seljendur sem selja vörur frá sömu vörumerkjum og finna meggi í tédum bæklingi og þá sér í lagi þau merki sem finna meggi undir fullyrðingunni. Er fullyrðingin því til þess fallin að valda því að neytendur geti átt viðskipti við Tölvutek sem þeir hefðu ekki gert að öðrum kosti. Neytendastofa telur að orðaval Tölvuteks leiði til þess að neytendur ætli að með því að eiga viðskipti við félagið sé tryggt að hagsmunum þeirra sé betur gætt en eigi þeir viðskipti við aðra seljendur.

Í tölvupósti Tölvuteks til Neytendastofu, dags. 24. maí 2018, heldur félagið því fram að það sé viðurkenndur umboðsaðili þeirra merkja sem fram koma á sömu blaðsíðu og umrædd fullyrðing og nefnir í því tilliti eftirfarandi framleiðendur: Thonet & Vander, BenQ, Koss, Seagate, LaCie, Trust, Brother, Mighty og Artic. Auk framangreindra merkja má finna, undir fullyrðingu félagsins, vörur frá framleiðendum eins og Google, Amazon, Beats Electronics og Wacom. Tölvutek hefur þó ekki fært fram nein gögn sem sýna fram á að félagið sé viðurkenndur umboðsaðili þessara vörumerkja. Tölvutek hefur því brotið gegn f. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með birtingu fullyrðingarinnar.



Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Tölvutek bönnuð frekari birting fullyrðinga um að félagið sé umboðsaðili tiltekinna vörumerkja án þess að færðar séu fyrir því fullnægjandi sönnur.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með hliðsjón af ákvörðun Neytendastofu, dags. 7. september 2017, mátti Tölvutek vera það ljóst að fái fullyrðingar félagsins um að auglýsandi sé umboðsaðili ekki staðist geta þær verið til þess fallnar að brjóta gegn f. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Í ljósi þess telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimild laganna.

Að teknu tilliti til umfangs brotsins, fyrri ákvarðana stofnunarinnar gagnvart Tölvutek og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993 telur Neytendastofa rétt að leggja á Tölvutek, stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 250.000- (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Tölvutek ehf., Hallarmúla 2, Reykjavík, hefur með birtingu fullyrðingarinnar „Tölvutek er umboðsaðili fyrir mörg stærstu tölvumerki heims“ brotið gegn ákvæðum f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Tölvutek ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.**

**Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa á Tölvutek ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 250.000- (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 21. desember 2018

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir